



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## ENDURHEIMT VOTLENDIS Á BESSASTÖÐUM

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson tekur í dag kl. 15:00 á móti fulltrúum Votlendissjóðsins, Knattspyrnusambands Íslands og Garðabæjar á Bessastöðum í tilefni af því að KSÍ hefur gefið fé til Votlendissjóðsins til að kolefnisjafna ferð landsliðsins til Rússlands. Framlagið verður nýtt til endurheimtar votlendis í landi Bessastaða. Af þessu tilefni munu forseti og gestir hans hefja verkið og taka nokkrar táknrænar skóflustungur við fráveituskurð sem ætlunin er að loka í sumar.

Meðal þeirra sem taka þátt í þessum viðburði eru auk forseta Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra, Guðni Bergsson, forseti KSÍ, þau Aron Einar Gunnarsson og Sara Björk Gunnarsdóttir fyrirliðar landsliða Íslands í knattspyrnu, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í Garðabæ, og Ásbjörn Björgvinsson, framkvæmdastjóri Votlendissjóðsins.

6. júní 2018

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*